

5. fundur stjórnar Prentsöguseturs 25. október 2018, kl. 16
haldinn í prentsmiðjunni Hjá Guðjónó.

Mættir: Heimir Br. Jóhannsson, Baldvin Heimisson, Þórleifur Friðriksson, og Svanur Jóhannesson og Þóra Elfa Björnsson. Sófus Guðjónsson var fjarverandi.

Þóra Elfa Björnsson skráði.

1. Nýr formaður, Heimir Br. Jóhannsson, setti fundinn. Hann sagði svolítið erfitt að vera bæði formaður og að setja í gang sýningu á munum í sinni eigu, vanda þurfi málefni og umræður. Þá var rætt um hvort kalla þurfi fleiri að stjórninni en ákveðið að láta það bíða næsta aðalfundar. Ákv. að leita til Sófusar að taka að sér varaformannsembættið.
2. Fjármál og fleira. Rædd hugmynd um að fá fjáröflunaraðila sem gæti safnað nýjum félögu, bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Samþykkt að fela Baldvin og Svani að ganga frá bókhaldsmálum í þessu sambandi.
3. Heimir sagði knýjandi að ganga frá húsnæðismálunum þ.e.a.s. að Prentsöusetur taki á leigu húsnæðið á Laugaveginum fyrir sýningu á lítilli prentsmiðju með gömlum gripum úr eigi Heimis. Rætt um til hve langs tíma ætti að gera samning. Einnig þarf að mála og snyrta húsnæðið og skipuleggja hvað á að sýna og hvernig. Þá var samþykkt ályktun á þessa leið:
Stjórn PSS felur formanni Heimi Br. Jóhannssyni að ná samningum um leigu á húsnæði að Laugavegi í 29 sem hýsa á tæki frá eldri tíð og sem sýningarplássi á gömlum munum.
Var þetta samþykkt.
4. Rætt um bílskúr sem félagið hefur á leigu fyrir muni hédan og þaðan og er litlu hægt að bæta við inn í hann. Væri hægt að losa hann og flytja munina annað?
5. Önnur mál. Rætt um vefsíðu félagsins og að æskilegt væri að fráfarandi formaður skrifi pistil til félagsmanna í fréttahluta síðunnar. Samþ. að Þóra tali við Hauk Má og Pál Svansson umsjónarmann síðurnar. Ákveðið að setja samþykktar fundargerðir inn á síðuna til að ýta undir gegnsæi. Þá skoðaði stjórnin prentsmiðjuhúsnæðið í kjallaranum á Laugaveginum og ræddi um ýmis atriði í sambandi við það.

Fleira ekki skráð.